



Borgarráð 18. september 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um afslátt af gatnagerðargjöldum við byggingu bílastæðakjallara MSS25090088

Lagt er til að borgarráð samþykki að tekinn verði upp að nýju afsláttur af gatnagerðargjaldi við byggingu bílastæðakjallara.

Greinargerð:

Þann 27. janúar 2025 var í borgarráði samþykkt breyting á gatnagerðargjöldum vegna einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa, keðjuhúsa fjölbýlishúsa og annars húsnæðis auk bílastæðahúsa ofanjarðar. Í samþykktinni var einnig kveðið á um heimild til þess að fella niður eða lækka afslætti á gatnagerðargjaldi án þess að það væri útfært nánar með hvaða hætti það yrði gert. Ekki var kveðið á um í samþykktinni hversu mikið afslátturinn ætti að lækka eða hvernig ákvörðun verðs yrði háttað. Í neðanmálsgrein við þetta ákvæði segir „Í þessu sambandi er m.a. horfið frá því að veita afslátt af gluggalausum kjallararými sem aðeins er gegnt í innan frá, sem og vegna yfirbyggðra göngugatna og sameiginlegra bifreiðageymsla fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar.“

Reykjavíkurborg hefur á grundvelli þessarar samþykktar afnumið afsláttinn þannig að fermetraverðið í bílastæðakjallara fór úr 1600kr í 30.000kr. og gatnagerðargjaldið fyrir bílastæði í bílakjallara verður þannig hátt í 1.3 milljónir króna samkvæmt því sem uppbyggingaraðilar hafa greint frá. Við samþykkt nýrrar samþykktar um gatnagerðargjöld í byrjun árs var aldrei ætlunin að hækka gatnagerðargjald á bílastæðakjöllum með þessum hætti. Því er lagt til að samþykkt borgarinnar um gatnagerðargjöld vegna sameiginlegra bílageymslna fyrir þrjár bifreiðar eða fleiri (bílastæðakjallara) verði aftur eins og hún var í fyrri samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, sbr. samþykkt nr. 311/2010, 832/2015 og 208/2016 og afslættir verði áfram veittir eins og áður.

Aðgengi að bílastæðum skipta borgarbúa miklu máli og íbúðir þar sem fylgir stæði í bílakjallara eru eftirsóttar. Sérstaklega af barnafjölskyldum og eldra fólki en ekki síður af fólki með fötlun. Því er afar slæmt að borgin skuli hækka þannig gjöld á bílastæðakjallara þannig að uppbyggingaraðilar veigri sér við að byggja þá.

